



VATNSENDASKÓLI

Framkvæmd umbótaáætlunar vegna ytra mats

febrúar 2023

Efnisyfirlit

Framkvæmd umbótaáætlunar Vatnsendaskóla vegna ytra mats.....	4
1.0 Stjórnun og fagleg forysta	5
Samvirkni í stefnumótun 1.1	5
Faglegt samstarf og samræða 1.2	7
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu 1.3.....	9
Umbætur og innleiðing breytinga 1.4	12
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir 1.5	15
Starfsmannastjórnun og verkaskipting 1.6.....	16
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna 1.7.....	17
2.0 Nám og kennsla	18
Inntak og námsskrá 2.1	18
Árangur náms 2.2	20
Gæði kennslu 2.3.....	21
Skipulag náms 2.4	22
Námsvitund 2.5.....	23
3.0 Innra mat.....	24
Skipulag 3.1	24
Framkvæmd 3.2.....	26
Umbætur 3.3.....	28
4.0 Skóli án aðgreiningar	29
4.1 Menning og viðhorf	29
4.2 Námskrár og áætlanir	30

4.3 Upplýsingamiðlun og samskipti.....	32
4.4 Starfshættir	35

Framkvæmd umbótaáætlunar Vatnsendaskóla vegna ytra mats.

Haustið 2018 komu starfsmenn Menntamálastofnunar og framkvæmdu ytra mat á starfsemi Vatnsendaskóla. Helstu markmið úttektarinnar voru að leggja mat á starfssemi skólans út frá gildandi lögum og reglugerðum um grunnskóla og aðalnámskrá.

Í skýrslunni komu fram margir styrkleikar sem skólinn býr yfir og byggir á en einnig tillögur til umbóta. Í umbótaáætlun skólans sem unnin var í kjölfarið voru teknir fyrir þeir þættir sem bent var á í skýrslunni sem tækifæri til umbóta. Niðurstöður matsins voru mjög jákvæðar fyrir skólann en ljóst var að umbóta var þörf sérstaklega varðandi áætlun og vinnu við innra mat í Vatnsendaskóla.

Á þeim tíma sem liðinn er frá ytra matinu hefur matsteymi skólans, starfsmenn hans ásamt hagsmunaaðilum unnið að framkvæmd umbóta undir stjórn skólastjóra. Þess ber þó að geta að Covid-19 setti miklar hömlur á skólastarfið árin 2020-2022. Í vetur hefur skólastarfið verið með nokkuð eðlilegum hætti þó enn sé skólinn að glíma við eftirköst vegna heimsfaraldursins.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þeim umbótum sem unnið hefur verið að og framkvæmd þeirra. Unnið hefur verið að öllum þeim þáttum sem fram komu í skýrslunni og þörfnuðust umbóta. Undir liðnum framkvæmd í töflunum í umbótaáætluninni kemur fram hvernig vinnuferlið við umbætur hefur verið unnið.

María Jónsdóttir, skólastjóri Vatnsendaskóla.

1.0 Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun 1.1						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Hafa fulltrúa allra úr skólasamfélaginu með við stefnumótun og grundvallar-ákvarðanir	Að aðilar úr skóla-samfélaginu komi að stefnumótun og mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið.	Óskað verður eftir tilnefningum í skólaráð frá foreldrum, nemendum, kennurum og öðru starfsfólki skólans.	Ágúst 2019.	Skólastjóri.	Ágúst 2020. Óskað verður eftir tilnefningum í skólaráð frá foreldrum, nemendum og kennurum og öðru starfsfólki skólans.	Í skólaráði eru fulltrúar frá öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins. Kynningarfundur var með nemendum unglingadeildar í september 2019 þar sem skólastjóri, deildarstjóri elsta stigs og forstöðumaður félagsmiðstöðvar kynntu öll ráð og nefndir í skólanum og hlutverk nemenda í nefndum og ráðum. Tilnefningar komu eftir fundinn frá nemendum í ráð og nefndir skólans. Foreldrar í gegnum foreldrafélag og starfsmenn tilnefndu

						einnig fulltrúa í skólaráð. Skólastjóri skrifaði öllum foreldrum og óskaði eftir foreldrum í önnur ráð og nefndir skólans. Þessari vinnu lauk í september 2019.
Námsmat í skólanámskrá	Að viðmið um mat á vinnu nemenda sé sýnileg í skólanámskrá. Að samræma kvarða í námsmati milli stiga.	Sýna tengsl við námsmat og hæfniviðmið í skólanámskrá og námsmatsstefnu skólans.	Skólaárið 2019-2020.	Skóla-stjórnendur og námsmatsteymi skólans.	Ágúst 2020. Skólanámskrá endurmetin árlega. Námsmatsstefna skólans unnin af námsmatsteymi skólans skólaárið 2018-2019, vinnu lokið maí 2019.	Námsmatsteymi hefur lokið vinnu við námsmatsstefnuna og verður stefnan sýnileg á heimasíðu í júní 2020. Þar koma fram tengsl hæfniviðmiða og framsetning námsmats í Vatnsendaskóla.

Faglegt samstarf og samræða 1.2

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Starfspróun starfsfólks annarra en kennara	Að starfsfólk sé öruggt og ánægt í starfi. Að starfsfólk fái tækifæri til að þróa sig í starfi.	Námskeið um næringarfræði matvæla fyrir starfsfólk eldhúss. KVAN námskeið.	Skólaárið 2018 - 2019.	Skólastjóri.	Starfsmannasamtöl vor 2019. Rafræn könnun meðal starfsfólks vor 2020.	Niðurstöður starfsmannasamtala 2019 og 2020 sýna almenna starfsánægju á vinnustaðnum. Boðið hefur verið upp á fjölbreytt námskeið fyrir alla starfsmenn, t.d. KVAN námskeið um jákvæð samskipti í maí 2019, skyndihjálp haust 2019, núvitund vor 2020. Niðurstöður Skólapúlsins vor 2020 sýnir almenna starfsánægju.
Skapa faglegan starfsvettvang fyrir faggreinakennara	Að kennarar fái tækifæri til að ræða, deila og fá hugmyndir og jafningjastuðnin g.	Sameiginlegur skipulagsdagur í mars 2019 þar sem faggreinakennara hittast á málstofum og ræða faglegt starf.	Mars 2019.	Skólastjórn-endur í Kópavogi.	Rafræn könnun meðal kennara vor 2019.	Starfsdagur í október 2019 var sameiginlegur hjá faggreinakennurum í Kópavogi. Ánægja kennara með það fyrirkomulag.

Skrásetja og birta niðurstöður um líðan og nám nemenda	Að halda utan um niðurstöður kannana um líðan nemenda og árangur þeirra í stöðluðum prófum.	Að taka saman niðurstöður og birta í skýrslu um innra mat.	Júní 2019.	Skólastjóri.	Árleg endurskoðun.	Niðurstöður úr skólapúlsi birtar á heimasíðu skólans undir sjálfsmatsskýrslur, árlega að vori. Niðurstöður úr samræmdum prófum birtar á heimasíðu skólans undir sjálfsmatsskýrslur, árlega að vori.
Upplýsingar til starfsfólks annarra en kennara	Að starfsfólk skólans sé upplýst um starfsemi og verkefni líðandi stundar.	Upplýsingatafla á starfsmannastofu. Vikupóstur sendur í tölvupósti og hengdur upp á starfsmannastofu. Í hverjum mánuði er sent fréttabréf til allra foreldrar og starfsmanna skólans.	Skólaárið 2018-2019.	Skólastjórn-endur.	Árlega. Rafræn könnun meðal starfsfólks skólans vor 2020.	Upplýsingatafla er á starfsmannastofu, vikupóstur er sendur öllum starfsmönnum á hverjum föstudegi með upplýsingum um helstu viðburði og starfið í skólanum. Fréttabréf er sent öllu skólasamfélaginu mánaðarlega.

Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu 1.3

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Lýðræðislegt val á nemendum í ráð og nefndir innan skólans	Auka lýðræði meðal nemenda innan skólans.	Kynna ráð og nefndir fyrir nemendum skólans.	September 2019.	Skólastjóri.	Árlega - Sett inn í árshjól skólans.	Kynningarfundur var með nemendum unglingadeildar í september 2019 og september 2020 þar sem skólastjóri, deildarstjóri elsta stigs og forstöðumaður félagsmiðstöðvar kynntu öll ráð og nefndir í skólanum. Tilnefningar komu eftir fundinn frá nemendum í ráð og nefndir skólans. Réttindaráð sem skipað er nemendum í 3. – 10. bekk starfar með skólastjóra, forstöðumanni Stjörnuheima, forstöðumanni Dimmu, foreldri og tveimur kennurum og markmiðið er að vinna að auknu lýðræði í skólanum. Nemendur

						buðu sig fram til setu í ráðinu. Þetta er gert árlega.
Skrá og kynna nemendur sem eru í ráðum og nefndum á vegum skólans	Upplýsa nemendur um hvaða ráð og nefndir eru starfandi innan skólans. Skrá hvaða nemendur eru í nefndum og ráðum og birta í starfsáætlun skólans.	Ráð og nefndir birtar í starfsáætlun skólans. Upplýsa nemendur um ráð og nefndir innan skólans.	September - október 2018.	Skólastjórn-endur	Árlega - Sett inn í árshjól skólans.	Kynnt á heimasíðu skólans og í fréttabréfi til foreldra og starfsmanna skólans. Fram kemur í starfsáætlun skólans hverjir sitja í ráðum. Á hverju hausti kynna ráðin sig fyrir nemendum.
Kynna nemendum sem eru í ráðum og nefndum hlutverk þeirra og tryggja þjálfun	Að nemendur fái þjálfun og fræðslu um hlutverk þeirra og störf í ráðum og nefndum.	Setja upp námskeið fyrir nemendur sem kosnir eru eða velja að starfa í ráðum og nefndum á vegum skólans.	September - október 2019.	Skólastjórn-endur.	Árlega - Sett inn í árshjól skólans	Kynningarfundur var með nemendum unglingadeildar í september 2019 þar sem skólastjóri, deildarstjóri elsta stigs og forstöðumaður félagsmiðstöðvar kynntu öll ráð og nefndir í skólanum og hlutverk nemenda í nefndum og ráðum.

						Skólastjóri kynnti fyrir nemendum 1. – 7. bekkjar Réttindaráð skólans og hlutverk nemenda í ráðinu. Kynning fyrir nemendum á ráðum og nefndum fór fram í september 2020. Farið var yfir hlutverk nemenda í hverju ráði og nefnd fyrir sig á fyrsta fundi hvers ráðs. Þetta er endurtekið á hverju hausti.
--	--	--	--	--	--	--

Umbætur og innleiðing breytinga 1.4						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Efla upplýsingaflæði til foreldra um stöðu barna þeirra í námi	Að foreldrar séu upplýstir um stöðu og árangur barna sinna í námi.	Kynning á námsmati og Mentor fyrir foreldra í janúar 2019.	Janúar 2019.	Skólastjórn-endur.	Könnun meðal foreldra vor 2019.	Kynntum fyrir foreldrum á morgunverðarfundum í janúar 2019 hvernig foreldrar geta nálgast upplýsingar um stöðu nemenda í náminu á Mentor. Foreldrakönnun var gerð vorið 2019 og 2021 og nú stefndur yfir könnun meðal þeirra. Árleg kynning fyrir foreldra nemenda í 1.,5. og 8. árgöngum á súpufundum. Vegna Covid19 var ekki hægt að hafa slíka fundi haustið 2020 en upplýsingar voru sendar foreldrum í tölvupósti. Fundir voru haldnir haustið 2021.

						Þessir fundir eru haldnir árlega.
Kynna vel og efla samskipti við foreldra um áherslur og umbætur sem unnið er að hverju sinni	Að foreldrar séu upplýstir um helstu áherslur og umbætur í starfi skólans. Efla samskipti bekkjarfulltrúa, foreldrafélagsins og skólans.	Morgunverðafundir fyrir foreldra með stjórnendum. Námsefniskynning árganga og faggreinakennara. Kynningafundur foreldrafélagsins. Kynning á niðurstöðum úr innra mati skólans.	Janúar 2019. Námsefniskynningar í september ár hvert. Að hausti árlega. Haust 2019	Skólastjórn-endur og kennarar. Kennarar. Stjórn foreldrafélagsins. Skólastjóri.	Árlega	Morgunverðarfundur með foreldrum í hverjum árgangi janúar 2019 og 2020. Kynntum m.a. námsmat skólans, niðurstöður ytra mats, Réttindaskólann og Réttindaráðið, þróunarverkefnið Sprett í unglingadeild og Evrópuverkefni Erasmus. Ekki var hægt að hafa þessa fundi í janúar 2021 vegna Covid19 en þessir þættir komu fram í fréttabréfi til foreldra og starfsmanna. Fyrirhugað var að hafa fundi í janúar 2022 en vegna

						takmarkana vegna Covid-19 var ekki hægt að halda þá. Fundir voru haldnir vorið 2022 og verða haldnir í mars 2023 og verða árlega.
Huga að fræðslu fyrir starfsfólk þegar farið er í umbótavinnu	Að starfsfólk sé upplýst um umbótavinnu skólans.	Upplýsa starfsmenn um umbótaáætlun skólans.	September 2019.	Skólastjórn-endur.	Árlega með fræðslufundi þar sem umbótaáætlun skólans er kynnt.	Umbótavinna skólans var kynnt öllu starfsfólki á skipulagsdegi í ágúst 2019. Þetta var einnig kynnt á skipulagsdögum í ágúst 2020 og 2021 og er kynnt árlega.

Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir 1.5

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Tryggja að allir sem koma að skólastarfi gangist undir trúnaðar- og þagnarskyldu	Að þagnarskylda sé tryggð.	Orðsending til gesta á veggjum skólans. Tryggja að allir starfsmenn, gestir og aðrir sem starfa innan skólans skrifi undir trúnaðar- og þagnarskyldu eyðublöð.	Skólaárið 2018-2019.	Skólastjóri, ritari og húsvörður.	Árlega.	Allir sem koma að skólastarfinu skrifa undir trúnaðar- og þagnarskyldu eyðublöð.
Tryggja að 20% námstíma nemenda í unglingadeild sé val	Að nemendur hafi áhrif á námsval sitt.	Tryggja 20% val.	Skólaárið 2019-2020.	Skólastjórn-endur.	Haut 2020.	Nemendur unglingadeildar fá 20% námstíma í val á hverju skólaári.

Starfsmannastjórnun og verkaskipting 1.6

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Endurgjöf og mat á kennslu	Að auka faglega forystu og leiðbeiningar til kennara varðandi bættu kennsluhætti.	Skólastjórnendur munu fara reglulega í heimsóknir í kennslustundir og auka þar með tækifæri til beinnar endurgjafar til kennara í lok kennslustundar. Notast verður við vel rýnda og faglega gátlista sem henta til endurgjafarinnar.	Skólaárið 2019-2020.	Skólastjórn-endur.	Umræða í starfsmannasamtali 2020. Endurgjöf og samtal í lok veru skólastjórnanda í kennslustund hjá kennara. Verið er að þróa þetta innlit og tengja við gæðastarf skólans. Árlega	Heimsóknir í kennslustundir vor 2020 og starfsmannasamtöl vor 2020. Stjórnendur heimsóttu kennara skólans og áttu samtöl við kennara að henni lokinni. Ekki náðist að ljúka heimsóknum til allra kennara sökum Covid19 en verður klárað í október 2020. Ekki tókst að ljúka heimsóknum í október 2020 en farið var í þær vorið 2021 og þær endurteknar vorið 2022. Þessar heimsóknir eru árlega. Starfsmannasamtöl eru árlega og skipta stjórnendur þeim á milli sín, þar er kennslan rædd.

Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna 1.7

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Kynna heilsueflandi stefnu skólans	Upplýsa starfsfólk um heilsueflandi stefnu Kópavogsbæjar.	Kynningarfundur á starfsdögum í ágúst 2019.	Ágúst 2019.	Skólastjórn-endur.	Rafræn könnun júní 2020.	Starfsmenn fengu kynningu á heilsueflandi stefnu skólans á starfsdegi 3. janúar 2020. Fræðsla um heilsueflandi skóla birtist í vikupósti til starfsmanna. Starfsmenn eru hvattir til að huga að eigin heilsu og geðrækt. Reglulega er farið yfir þessa stefnu.

2.0 Nám og kennsla

Inntak og námsskrá 2.1						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Lykilhæfni	Bæta lykilhæfni í skólanámskrá. Hafa lykilhæfni sýnilega í kennsluáætlunum. Sambætta lykilhæfni við allar námsgreinar í skólanum.	Kynning á starfsdögum í ágúst 2019 þar sem kynnt verða markmið með lykilhæfni. Tíma- og vinnuáætlun kynnt starfsfólki. Staðlað form sett fram í kennsluáætlun.	Námskrá í lykilhæfni tilbúin fyrir allar greinar í nóvember 2019.	Skólastjórnendur.	Á starfsdögum í júní 2020. Á starfsdögum í júní 2021.	Unnið er að innleiðingu á lykilhæfni í starfsháttum skólans og verður það sýnilegt í kennslu og starfsháttum skólans skólaárið 2020-2021. Vegna Covid-19 tókst ekki að ljúka innleiðingunni en byrjað er að vinna með lykilhæfni á elsta stigi og er vinnan við lykilhæfni komin vel á veg á yngsta- og miðstigi. Unnið verður með lykilhæfni á öllum stigum skólaárið 2021-2022. Kennarar meta lykilhæfni nemenda árlega. Námskrár eru á Mentor.

Námsaðlögun sýnileg í kennsluáætlunum.	Námsaðlögun sé sýnileg í kennsluáætlunum.	Námsaðlögun bætt við í áætlanagerð í janúar 2019.	Janúar 2019.	Kennarar, kennarar í námsverum og sérkennarar.	Haust 2019.	Kennarar gera grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum sem birtast á heimasíðu skólans. Kom inn haust 2019.
Grunnþættir menntunar	Endurskoða skólanámskrá með það að leiðarljósi að hafa grunnþætti menntunar sýnileg.	Kynning á grunnþáttum menntunar í nóvember 2019. Kennurum skipt í hópa eftir greinum og stigum og grunnþáttum bætt í skólanámskrá.	Grunnþættir menntunar sýnileg í skólanámskrá í mars 2020.	Skólastjórnendur.	September 2020.	Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í skólanámskrá. Grunnþættirnir tengjast inn í allt nám. Grunnþættir menntunar birtast á heimasíðu skólans.

Árangur náms 2.2						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Tengsl námsmats í kennsluáætlunum	Að viðmið um mat á vinnu nemenda sé sýnilegt í kennsluáætlun. Að samræma kvarða í námsmati milli stiga.	Tengsl námsmats og hæfniviðmiða í kennsluáætlunum. Stjórnendur fylgja því eftir að þessum þætti sé sinnt.	Skólaárið 2018-2019.	Skólastjórnendur.	Vor 2019. Allar námsáætlanir endurmetnar.	Námsmatskvarðar og kennsluáætlanir sýnilegar á heimasíðu 2019.

Gæði kennslu 2.3						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Spjaldtölvu-innleiðing	Að upplýsa foreldra um hvernig notkun á spjaldtölvum er háttað í kennslu skólans.	Hafa opinn kynningarfund fyrir foreldra barna í 5.-10. bekk í október ár hvert. Kynna betur í vikubréfum árganga hvernig er verið að vinna með spjaldið hverju sinni og hvaða smáforrit er verið að notast við.	Skólaárið 2019-2020.	Stjórnendur og tölvuumsjónarmaður. Kennarar.	Könnun á vorönn meðal foreldra ár hvert.	Kennarar senda upplýsingar að hausti til foreldra með upplýsingum um markmið og stefnu skólans varðandi spjaldtölvur. Spjaldtölvuvefurinn kynntur á námsefniskynningum fyrir foreldrum á hverju hausti.

Skipulag náms 2.4						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Samvinnunám	Að auka samvinnu milli nemenda á kennslusvæðum. Að kennarar verði meðvitaðir um að samþætta þennan þátt við kennsluáðstæður hverju sinni.	Námskeið í teymiskennslu í ágúst 2019 fyrir kennara sem ekki hafa sótt slíkt námskeið. Skólaárið 2019-2020 verða stöðufundir á sex vikna fresti með teymum innan árgangs til að tryggja fjölbreytta kennsluhætti.	Skólaárið 2018-2019.	Skólastjórnendur.	Starfsdagar í júní 2019. Árlegt símat.	Námskeið í teymiskennslu í ágúst 2019 fyrir kennara sem ekki hafa sótt slíkt námskeið áður. Stjórnendur og kennsluráðgjafi vinna náið að innleiðingu teymiskennslu yfir skólaárið.
Aukin tíma til að komast í og úr íþróttum	Að gefa nemendum tíma á stundatöflu til að komast til og frá íþróttum.	Gætt að þessu í stundatöflugerð fyrir skólaárið 2019-2020.	Ágúst 2019.	Skólastjórnendur.	Haut 2019.	Í stundatöflugerð 2019-2020 var gert ráð fyrir tíma eða fylgd í og úr íþróttum. Það verður áfram með þeim hætti.

Námsvitund 2.5						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Skráningar á árangri og framförum nemenda	Birtist í nýju námsmati í Mentor.	Kynning á námsmati fyrir foreldra í janúar 2019. Námskeið fyrir kennara skólaárið 2018-2019.	Janúar 2019.	Deildarstjórar.	Rafræn könnun meðal kennara vor 2020.	Hæfnikort sýnileg fyrir alla árganga á Mentor. Kynnt fyrir foreldrum á morgunverðarfundum í janúar 2019.

3.0 Innra mat

Skipulag 3.1						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Tengja innra mat við daglegt skólastarf og fylgja því eftir.	Að bæta nám nemenda, námsárangur og námsaðstæður. Auka fagvitund kennara.	Rýnihópar með hagsmunaaðilum skólans, hverjum fyrir sig, þ.e. kennurum, öðrum starfsmönnum, foreldrum og nemendum. Skólapúlsinn. Umræður við kennara um daglegt mat á skólastarfi.	Skólaárið 2019 - 2020.	Skólastjórnendur og teymi um innra mat.	Árlega. Símat allt skólaárið. Innra mat endurskoðað árlega og skýrsla birt á heimasíðu skólans.	Allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins eiga fulltrúa í matsteymi skólans. Niðurstöður úr skólapúlsinum kynntar starfsfólki, nemendum og foreldrum. Niðurstöður samræmdra prófa kynntar kennurum og birtar á heimasíðu skólans.
Meta kennslu og fagmennsku kennara	Að auka faglega forystu og leiðbeiningar til kennara varðandi bættu kennsluhætti.	Skólastjórnendur munu fara reglulega í heimsóknir í kennslustundir og auka þar með tækifæri til beinnar endurgjafar til kennara í lok kennslustundar. Notast verður við vel	Skólaárið 2019-2020.	Skólastjórnendur.	Umræða í starfsmannasamtali 2020. Endurgjöf og samtal í lok veru skólastjórnanda í kennslustund hjá kennara.	Umræða um fagmennsku í starfsmannasamtali 2019-2020. Stjórnendur hafa farið í heimsóknir í kennslustundir og veitt endurgjöf eftir heimsókn til kennara. Vegna Covid-19 tekst

		rýnda og faglega gátlista sem henta til endurgjafarinnar.				ekki að ljúka öllum heimsóknnum fyrr en í október 2020. Vegna Covid-19 náðist ekki að ljúka þessu í október 2020. Farið var í heimsóknir vorið 2021 og verða þær endurteknar vorið 2022 og árlega eftir það.
--	--	---	--	--	--	--

Framkvæmd 3.2						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Tengja innra mat við markmið skólans og viðfangsefni	Vinna heildstæða stefnu um innra mat sem tengist markmiðum skólans og viðfangsefnum.	Gera áætlanir um innra mat og tengja við markmið skólans og viðfangsefni hverju sinni.	Skólaárið 2019 - 2020.	Skólastjórnendur og teymi um innra mat.	Skólastjórnendur og teymi um innra mat meta í lok skólaárs hvernig til hefur tekist með innra matið. Árlega er skýrsla um innra mat birt á heimasíðu skólans.	Áætlun um skýrari tengingar innra mats á skólastarfi Vatnsendaskóla hefur verið unnið af matsteymi skólans og birtist á heimasíðu skólans.
Útbúa umbótaáætlun fyrir 2020-2025	Gera heildstæða stefnu um innra mat sem nær til lengri tíma en eins árs.	Gera langtímaáætlun um innra mat skólans.	Skólaárið 2019-2020. Skólaárið 2020-2021	Skólastjórnendur og teymi um innra mat.	Árlega er skoðað hvernig til tókst og áætlun bætt ef þarf.	Áætlun um skýrari tengingar og heildstæða stefnu innra mats á skólastarfi Vatnsendaskóla hefur verið unnið af matsteymi skólans með ráðgjöf frá sérfræðingi í mati á skólastarfi. Áætlunin er á heimasíðu skólans.

Fá fulltrúa allra hagsmunaaðila í innra matsteymi skólans	Að fá alla hagsmunaaðila skólans, starfsfólk, nemendur og foreldra í teymi um innra mat.	Fá sjónarmið og þátttöku allra hagsmunaaðila í umræður, skipulag og framkvæmd innra mats.	Skólaárið 2019 - 2020.	Skólastjórnendur.	Árlega að vori.	Innra matsteymi skólans er nú skipað fulltrúum frá öllum hagsmunaaðilum skólasamfélagsins.
Skoða niðurstöður úr samræmdum könnunum og skimunum og birta í innra mati	Að nýta niðurstöður úr samræmdum könnunum og skimunum til að bæta skólastarfið.	Taka saman allar niðurstöður úr samræmdum könnunum og skimunum og birta í skýrslu um innra mat.	Júní 2019	Skólastjórnendur og teymi um innra mat.	Árlega.	Fundað er með árgangateyminum og farið yfir niðurstöður samræmdra prófa og skimana. Skýrsla með niðurstöðum birt á heimasíðu skólans.

Umbætur 3.3						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Útbúa skýrslu um innra mat	Fylgja umbótum úr innra mati eftir á kerfisbundinn hátt.	Útbúa skýrslu um innra mat þar sem gerð er grein fyrir tengslum innra mats við stefnu skólans og markmið skólanámskrár, viðmið um árangur og metið hvernig til tókst að ná markmiðum.	Júní 2019.	Skólastjóri.	Júní 2020. Árlega er útbúin skýrsla um innra mat.	Skýrsla um innra mat skólans og matsáætlun fyrir 2020-2025 birtist á heimasíðu skólans.
Kynna öllum hagsmunaaðilum niðurstöður innra mats á formlegan hátt	Að allir hagsmunaaðilar skólans fái upplýsingar um niðurstöður innra mats.	Fundur í upphafi skólaárs þar sem kynntar eru niðurstöður innra mats fyrir fyrra skólaár. Skýrsla birt á heimasíðu skólans.	September 2019.	Skólastjóri.	September 2020. Árleg kynning á skýrslu um innra mat skólans.	Að hausti er árlega haldinn fundur með skólasamfélaginu þar sem niðurstöður innra mats og umbótavinna í sambandi við það er kynnt hagsmunaaðilum. Vegna Covid-19 var ekki hægt að halda þessa fundi en skólinn er að vinna að mati sem verður kynnt hagsmunaaðilum haustið 2023.

4.0 Skóli án aðgreiningar

4.1 Menning og viðhorf						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Vinna gegn hópamyndunar-menningu nemenda	Að í skólanum þrífist ekki neikvæð hópamyndun nemenda og að öllum nemendum líði vel og að þeir finni sig velkomna í skólanum.	Í skólanum er unnið eftir stefnunni Uppeldi til ábyrgðar. Auk þess hafa allir starfsmenn og kennarar ásamt nemendum unglingadeildar verið á námskeiðinu KVAN vináttu- og leiðtogaþjálfun.	Starfsmenn skólans ljúka KVAN námskeiði í maí 2019. Eftirfylgni eftir KVAN námskeið fer fram 16. ágúst 2019.	Skólastjórnendur.	Skólapúlsinn er lagður fyrir árlega og verður fylgst með niðurstöðum hans í þessum efnun. Einnig fylgjast kennarar með líðan nemenda.	Niðurstöður Skólapúlsins sýna að nemendum líður vel í skólanum. Unnið er markvisst eftir Verkfærakistu KVAN og endurmenntun var fyrir alla starfsmenn í Uppeldi til ábyrgðar sem er uppeldisstefna skólans.

4.2 Námskrár og áætlanir

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Setja fram viðmið/verklag um hvað ræður ákvörðunum um stuðning og sérkennslu	Að varpa ljósi á og gera sýnileg þau viðmið sem ákvarða hvaða nemendur fá stuðning og/eða sérkennslu.	Að skrá niður verkferla er ákvarða hvort og/eða hvaða nemendur fá aðstoð og hvað liggur að baki þeirri ákvörðun.	Skipulag og verkferlar verða tilbúnir í mars 2019.	Stoðteymi og skólastjórnendur.	Endurmat á verkferlum verður í júní 2020.	Að skráð viðmið varpi skýru ljósi á af hverju nemandi fær stuðning eða sérkennslu.
Setja fram skýrari og sýnilegri markmið með nám nemenda m.a. svo nemendur geti sett sér eigin markmið um árangur	Að auðvelda nemendum að vita að hverju er stefnt og að setja sín eigin markmið í námi.	Skrá leiðir og viðmið varðandi markmiðssetningu kennara og nemenda.	Júní 2019.	Stoðteymi og skólastjórnendur.	Endurmat á viðmiðum verður í fyrsta sinn í janúar 2020 og síðan í lok hverrar annar.	Að þjálfar nemendur í að setja sér markmið og vinna markvisst eftir þeim. Að markmið séu sýnileg fyrir nemendur.

Setja fram sameiginlega stefnu varðandi notkun og framsetningu einstaklingsnámskráa og mælikvarða er snúa að árangri	Að skýra og samræma einstaklingsnámskrárgerð og setja fram ferla um hvernig skal mæla hvort markmiðum sé náð hverju sinni.	Skrá niður hvaða nemendur fá einstaklingsnámskrá og á hvaða viðmiðum hún byggir. Einnig verður skráð hvaða mælikvarðar verða notaðir til að meta hvort markmiðum hafi verið náð.	Stefna um notkun og framsetningu einstaklingsnámskrár liggur fyrir í júní 2019.	Stoðteymi og skólastjórnendur.	Endurmat á notkun einstaklingsnámskráa í maí 2020.	Stoðteymi skólans vann með matsteymi handbók með stefnu, verklagi og upplýsingum um stoðþjónustu í Vatnsendaskóla. Endurskoðað og birt í handbók á heimasíðu skólans í júní 2020.
---	--	--	---	--------------------------------	--	---

4.3 Upplýsingamiðlun og samskipti

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Gerð móttökuáætlunar fyrir nemendur með sérþarfir	Að skýra verkferla er varða móttöku nemenda með sérþarfir.	Nákvæmir verkferlar verða skráðir og gerðir sýnilegir. Móttökuáætlun aðgengileg á heimasíðu skólans.	Skráðir verkferlar liggja fyrir í júní 2019.	Stoðteymi og skólastjórnendur.	Endurmat á skráðum verkferlum verða vor 2020.	Stoðteymi skólans vann með matsteymi handbók með verklagi og upplýsingum um stoðþjónustu í Vatnsendaskóla. Endurskoðað og birt í handbók á heimasíðu skólans í júní 2020. Móttökuáætlun er í handbók um vinnulag stoðteymis.
Gerð tilfærsluáætlunar nemenda með einstaklingsnámskrár úr grunnskóla yfir í framhaldsskóla eða atvinnulíf	Að skýra verkferla er varða tilfærslu nemenda með einstaklingsnámskrár úr grunnskóla í framhaldsskóla eða þátttöku í atvinnulífi.	Nákvæmir verkferlar verða skráðir og gerðir sýnilegir. Tilfærsluáætlun aðgengileg á heimasíðu skólans.	Skráðir verkferlar liggja fyrir í apríl 2019.	Stoðteymi og skólastjórnendur.	Endurmat á skráðum verkferlum verður vor 2020.	Stoðteymi skólans vann með matsteymi handbók með verklagi og upplýsingum um stoðþjónustu í Vatnsendaskóla. Endurskoðað og birt í handbók á heimasíðu skólans í

						júní 2020. Tilfærsluáætlun er í handbók um vinnulag stoðteymis.
Miðlun þekkingar innan stoðþjónustu í almenna kennslu	Að sérfræðiþekking stoðþjónustu nýtist sem best og víðast innan skólans.	Starfsmenn stoðteymis kynna hlutverk sín og bjóða fram aðstoð á árganga- og teymisfundum. Sett verður fram skipurit með ákveðnum tíma-setningum. Skipurit aðgengilegt í Starfsmanna-handbók Vatnsendaskóla.	Skipurit liggur fyrir í mars 2019. Starfsmenn stoðteymis kynna hlutverk sín í apríl 2019.	Stoðteymi og skólastjórnendur.	Endurmat á skipuriti og viðtökum í júní 2020. Ferlið skoðað og skráð í vorskýrslur stoðteyma.	Miðlun upplýsinga frá stoðþjónustu til almennu kennslunnar fer fram á árgangafundum þar sem sérkennarar og kennarar fara saman yfir málefni nemenda í sérkennslu vikulega yfir skólaárið. Deildarstjórar og kennarar í námsverum hitta stuðningsfulltrúa einu sinni í mánuði og fara yfir verklag, skipulag og nám nemenda í sérkennslu.

Setja fram verkferla fyrir alla starfsmenn í stoðþjónustu varðandi upplýsingar um nemendu	Að hafa skýra verkferla sem varða upplýsingagjöf til starfsmanna varðandi einstaka nemendur.	Skrá skýra verkferla. Verkferlar aðgengilegir í Starfsmanna-handbók Vatnsenda-skóla.	Skráðir verkferlar liggja fyrir í júní 2019.	Stoðteymi og skólastjórnendur.	Endurmat á verkferlum í maí 2020.	Stoðteymi skólans vann með matsteymi handbók með verklagi og upplýsingum um stoðþjónustu í Vatnsendaskóla. Endurskoðað og birt í handbók á heimasíðu skólans í júní 2020. Upplýsingar um nemendur í sérkennslu eru vistaðar í læstum skjalaskáp í eldtraustu rými á skrifstofu skólans.
--	---	--	---	---------------------------------------	--	--

4.4 Starfshættir						
Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Framkvæmd
Setja fram heildarsýn og verkferla í stoðþjónustu	Að veita skýra yfirsýn yfir skipulag stoðþjónustu skólans.	Skrá niður skipulag og verkferla stoðþjónustu skólans.	Heildarsýn tilbúin í júní 2019.	Stoðteymi og skólastjórnendur.	Endurmat á heildarsýn í júní 2020.	Stoðteymi skólans vann með matsteymi handbók með heildarsýn, verklagi og upplýsingum um stoðþjónustu í Vatnsendaskóla. Endurskoðað og birt í handbók á heimasíðu skólans í júní 2020. Móttökuáætlun er í handbók um vinnulag stoðteymis.